

REGLUR UM BSc-NÁM Í ÍPRÓTTAFRÆÐI VIÐ ÍPRÓTTAFRÆÐIDEILD HR

1. Prófgráður og forkröfur

Íþróttافرæði við íþróttافرæðideild Háskólans í Reykjavík veitir prófgráðuna *BSc í íþróttافرæði*. Gráðan er veitt að loknu 180 ECTS námi við deildina með fullnægjandi árangri.

Hlutverk námsins er:

- Að búa nemendur undir leiðtogastörf hjá ungmenna- og íþróttafélögum, stofnunum, heilsuræktarstöðvum, ríki og sveitarfélögum
- Að búa nemendur undir þjálfun hópa með ólíkar þarfir
- Að búa nemendur undir vinnu að forvarnarmálum og heilsuefingu
- Að búa nemendur undir kennslustörf í íþróttum í skólum landsins og þjálfun hjá íþróttafélögum
- Að búa nemendur undir frekara nám

Umsækjandi um BSc í íþróttافرæði við íþróttافرæðideild Háskólans í Reykjavík skal hafa lokið stúdentsprófi. Sérstök undanþága á þessari meginreglu er veitt í einstökum tilfellum, s.s. ef nemendur eru eldri en 25 ára, hafi klárað að lágmarki 75 einingar úr framhaldsskóla miðað við gamla kerfið og með framúrskarandi reynslu á sviði íþróttá. Almenn er tekið tillit til reglubundinnar þátttöku í íþróttum og félagsstörfum, tengdum íþróttum og æskulýðsstörfum. Inntökupróf er haldið í íþróttافرæði fyrsta laugardag í júní ár hvert.

2. Uppbygging náms

180 ECTS nám í íþróttافرæði. Einingafjöldinn skiptist á eftirfarandi hátt.

Fyrsta og annað ár (annir 1 – 4):

120 ECTS í kjarna sem allir nemendur taka:

- 60 ECTS í uppeldis- og kennslufræðum
- 60 ECTS í íþróttافرæði

Þriðja ár (annir 5 – 6):

42 ECTS af námsbraut

18 ECTS í vali

3. Kennsluhættir og vinnubrögð

Námstíminn er þriggja ára staðarnám og fer námið fram í Háskólanum í Reykjavík, Valsheimilinu Hlíðarenda og í íþróttamannvirkjum í Laugardal í Reykjavík. Nemendur stunda bóklegt og verklegt nám. Námskeið byggjast á almennum fyrirlestrum, verklegum tímum, verklegum rannsóknaræfingum, umræðutímum og vettvangsnámi. Á þriðja námsári hafa nemendur kost á valnámskeiðum.

Nemendur hljóta verklega færni í því vettvangsnámi sem í boði er. Í undantekningartilvikum getur deildarforseti ákveðið að tiltekið námskeið skuli ekki kennt eða fyrirkomulagi kennslu breytt. Þannig eru námskeiðslýsingar og stundaskrár birtar með fyrirvara um síðari breytingar. Námskeið eru í umsjón fastra kennara deildarinnar eftir ákvörðun deildarforseta. Deildarforseta er þó heimilt að fela stundakennurum umsjón námskeiða ef fastir kennarar anna ekki umsjón með þeim.

Um vinnubrögð, nám og próftöku nemenda í BSc-námi í íþróttافرæði gilda eftirfarandi reglur og viðurlög skólans; almennar reglur HR um nám og námsmat og siðareglur HR (<https://www.ru.is/namid/reglur/>).

4. Námsframvinda

BSc í íþróttfræði er 180 ECTS nám og skiptist það á þrjú ár (fyrsta, annað og þriðja). Almennt er gert ráð fyrir því að nemendur ljúki 30 ECTS á önn eða 60 ECTS á ári, miðað við eðlilega námsframvindu.

Einkunnir eru gefnar í tölum frá 0 til 10 og í einstaka námskeiði er einkunnin staðið/fallið. Lágmarkseinkunn í hverju námskeiði, bóklegu og verklegu, er 5. Lágmarkseinkunnina 5 þurfa nemendur að ná í lokaprófi til að standast námskeið. Nái nemandi ekki 5 á lokaprófi telst hann fallinn í námskeiðinu, þrátt fyrir að öll önnur verkefni standist lágmarkseinkunn.

Krafist er 80% mætingar í verkleg námskeið. Nemandi sem ekki stenst þær mætingarkröfur hefur fyrirgert rétti sínum til próftöku í viðkomandi námskeiði. Kennarar geta einnig krafist 80% mætingar í öðrum námskeiðum en verklegum námskeiðum. Keppnisleyfi eru ekki veitt nema vegna ferða á vegum landsliða Íslands í íþróttum og Evrópukeppni félagsliða. Sækja verður um leyfi fyrirfram hjá verkefnastjóra íþróttfræðideildar og skila inn skriflegri beiðni um leyfi frá viðkomandi sérsambandi eða félagsliði undirritað af ábyrgðaraðila félags eða sérsambands. Verkefnastjóri leggur svo beiðnina fyrir námsmatsnefnd. Veikindi og aðrar fjarvistir verða að rúmast innan 20% frávika frá 100% mætingu. Ekki er tekið við vottorðum vegna veikinda.

Íþróttafögin skiptast í verklegan og bóklegan hluta. Samanlögð einkunn í verklegum og bóklegum hluta er lokaeinkunn í námskeiði. Nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn sem er 5 í hvorum hluta fyrir sig. sjúkra- og endurtektarlokapróf í bóklega hluta íþróttagreina er haldin á sama tíma og önnur sjúkra- og endurtektarlokapróf í HR.

Nemanda er heimilt að innritast á annað námsár hafi hann lokið 42 af námsefni fyrsta árs. Til að hefja nám á þriðja ári þarf nemandi að hafa lokið 90 á fyrsta og öðru námsári og hafa lokið öllum skyldunámskeiðum fyrsta árs. Nemandi skal hafa lokið BSc-prófi í síðasta lagi fimm árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár nema námsmatsnefnd hafi veitt honum leyfi frá námi. Lengist þá framangreindur tímafrestur sem leyfinu nemur. Nemendur eiga kost á að taka þátt í skiptinámi á vegum HR sem gerir þeim kleift að taka hluta af námi sínu erlendis.

5. Hlutanám í BSc í íþróttfræði

Búi nemandi við sérstakar aðstæður sem koma í veg fyrir að hann geti stundað fullt nám er gefinn kostur á hlutanámi í BSc námi í íþróttfræði við HR. Sækja skal sérstaklega um slíkt námsfyrirkomulag til verkefnastjóra námsins. Beiðninni skulu fylgja fullnægjandi gögn sem sýna að gildar ástæður séu fyrir henni. Með beiðni um hlutanám ber jafnframt að skila námsáætlun svo unnt sé að meta hvernig námi umsækjanda verður háttað og hvort áætlunin sé raunhæf. Leyfi til hlutanáms má veita með skilyrðum. Nemandi í hlutanámi skal hafa lokið BSc-prófi í síðasta lagi átta árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár nema námsmatsnefnd hafi veitt honum leyfi frá námi. Lengist þá framangreindur tímafrestur sem leyfinu nemur. Um námsframvindu milli námsára gilda sömu reglur fyrir nemendur í hlutanámi og nemendur í fullu námi.

6. Undanfarar námskeiða

Forkröfur fyrir einstök námskeið koma fram í kennsluskrá.

7. Hámarksfjöldi eininga á önn

Nemandi getur sjálfu skráð sig í að hámarki 30 ECTS-einingar á önn. Ef nemandi vill taka fleiri einingar á önn þarf hann að sækja um það hjá verkefnastjóra deildar.

8. Reglur um próftöku

Nemandi í BSc námi í íþróttافرæði sem stenst kröfur verklegra námskeiða um 80% mætingu hefur próftökurétt í námskeiði. Nemandi sem er undir 80% mætingu í verklegu námskeiði er fallinn í námskeiði og hefur ekki rétt til að mæta í lokapróf í námskeiðinu.

Nánari reglur um próf og próftöku má sjá í almennum reglum um nám og námsmat HR (<http://www.ru.is>)

9. Reglur um endurtöku á námskeiði

Ef nemandi fellur á námskeiði þarf hann að taka námskeiðið upp að fullu aftur þ.m.t. að skila öllum verkefnum aftur og taka hlutapróf eftir því sem við á. Nemandi þarf einnig að standast lokapróf námskeiðsins. Nemandi þarf einnig að standast mætingaskildu í námskeiði ef við á.

10. Endurinnritun

Uppfylli nemandi ekki framangreind lágmarksskilyrði um námsframvindu samkvæmt reglum deildarinnar, fellur réttur hans til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í námið. Umsókn um endurinnritun skal vera skrifleg og er hægt að finna þar til gert eyðublað á heimasíðu deildarinnar og skal send til verkefnastjóra BSc námsins í íþróttافرæði. Sé nemandi veitt slík heimild heldur hann, sé þess óskað, einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí. Þessi réttur fyrnist á 6 árum frá lokum þeirrar annar sem námskeiðið var tekið á. Íþróttافرæðideild áskilur sér þann rétt að hafna nemendum um endurinnritun.

11. Námsleyfi

Námsleyfi er eingöngu veitt af sérstökum ástæðum s.s. vegna veikinda, barneigna og slysa. Hámarkslengd námsleyfis er 1 ár.

12. Skipulag náms og stundatafla

Kennsla í Háskólanum í Reykjavík í íþróttافرæði er innan hefðbundins skólatíma frá kl. 8:30-16:30. Einstaka námskeið s.s. sérhæfing eru unnin í samvinnu við atvinnulífið/samfélagið og geta því orðið að hluta fyrir utan þennan ramma.

13. Mat á fyrra námi

Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrra háskólanám sitt metið sækir um það til verkefnastjóra á þar til gerðu eyðublaði sem má finna á heimasíðu deildarinnar.

Námskeið sem tekið hefur verið í öðrum háskóla er metið til eininga við Háskólann í Reykjavík og skráð á námsferil sem metið (M) ef um er að ræða sambærilegt námskeið frá viðurkenndum háskóla, enda hafi nemandi staðist námskeiðið með einkunn 6 eða hærrí m.v. einkunnaskala HR. Til að geta útskrifast úr HR skal þó almennt miða við að nemandi hafi tekið a.m.k. 50% af heildareiningafjölda viðkomandi námsbrautar við HR.

Mat námskeiða frá öðrum háskólum skal vera í höndum námsmatsnefndar.

Við mat á fyrra námi gildir almennt að námskeið eldri en 9 ára eru ekki metin. Einungis eru metin námskeið með einkunn 6 eða hærrí.

14. Undanþágur

Undanþágur frá reglum um námsframvindu eru aðeins veittar með samþykki deildarforseta

Íþróttافرæðideildar. Undanþágur eru ekki veittar nema gildar ástæður komi til, svo sem barnsburður, fötlun eða alvarleg veikindi námsmanns eða náins aðstandanda. Umsóknin skal send til verkefnastjóra BSc náms í íþróttافرæði. Umsókn um undanþágu skal vera skrifleg og studd viðeigandi gögnum, svo sem læknisvottorði.